

Efnisyfirlit

Umhverfis- og mannvirkjasvið	3
Slökkvilið Akureyrar.....	4
Umhverfismál.....	5
Nýframkvæmdir	9
Eignasjóður gatna.....	9
Umferðaröryggismál	11
Eignasjóður fasteigna	11
Litið yfir farinn veg.....	14

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Þann 1. janúar 2017 voru Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdadeild sameinaðar í eitt svið, Umhverfis- og mannvirkjasvið.

Umhverfis og mannvirkjasvið hefur umsjón með og ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum þ.e. nýframkvæmdum, viðhaldi og endurbótum mannvirkja í eigu Akureyrarbæjar. Helstu flokkar fasteigna sem eru í umsjá sviðsins eru skólar og leikskólar, íþróttamannvirki, menningarstofnanir og söfn, skrifstofu- og þjónustustofnanir, húsnæði fyrir aldraða og fatlaða, leiguíbúðir auka annarra minni eigna. Hjá Akureyrarbæ eru í umsýslu rúmlega 100 fasteignir og 330 leiguíbúðir. Önnur mannvirki sem UMSA hefur umsjá sinni eru allar götur og gangstéttar, gatnalýsing, umferðaljós, sorphirða, snjómokstur, garðar og opin svæði. Eins heyrir rekstur Slökkviliðs og Umhverfismiðstöðvar undir sviðið.

Eftir sameiningu er umhverfis og mannvirkjasviði skipt upp í eftirfarandi deildir:

Rekstrardeild heldur utan um bókhald og rekstur sviðsins, starfsmannamál, stjórnarfundir umhverfis- og mannvirkjaráðs, skjalamál, samningagerð, yfirumsjón með framkvæmd útboða, samræma vinnu milli deilda, samskipti við bæjarbúa og notendur ásamt fleiri verkefnum.

Nýframkvæmdadeild, heldur utan um öll verkefni sem snúa að nýframkvæmdum sem eru eignfærð.

Viðhaldsdeild heldur utan um allt viðhald mannvirkja, gatna og stíga, sem Akureyrarbær á og hefur í sinni umsjá.

Umhverfisdeild sem heldur utan um öll umhverfismál og rekstur af ýmsum toga. Undir umhverfismál falla fegrun og hirðing, opin leiksvæði, hreinsun gatna, jólaskreytingar, sorphirða og sorpeyðing, snjómokstur og dýrahald. Eins heyrir undir deildina rekstur á Lystigarðinum, útivistarsvæðum, tjaldsvæðum og fleiri verkefnum sem snúa að málaflokknum.

Slökkvilið, sem sinnir slökkvistarfi, björgunarstarfi, eldvörnum, sjúkraflutningum og almannavörnum.

Umhverfismiðstöð sér um umhirðu bæjarlandsins, en þá er átt við götur og gangstéttir, garða og opin svæði. Meðal verkefna er hreinsun, snjómokstur og hálkuvarnir auk endurbóta og

viðhalds. Eins sér Umhverfismiðstöð um nýframkvæmdir svo sem malbikun auk ýmissa tilfallandi verkefna vegna þjónustu við bæjarbúa, stofnanir og fyrirtæki bæjarins. Rekstur Strætisvagna Akureyrar heyrir undir Umhverfismiðstöð með ferliþjónustunni og rekstur áhaldahúss með öllum tækjum sem bærinn á og notuð eru af Umhverfismiðstöðinni.

Stoðþjónusta UMSA vinnur þvert á deildir og er þjónusta rekstrardeildar, hönnun og mælingar og Umhverfismiðstöð.

Umhverfismiðstöð er staðsett á Rangárvöllum. Starfsemin er nú á þremur stöðum en til stendur að skrifstofa Umhverfismiðstöðvar að SVA undanskildum fari inn í Orkugarð þegar framkvæmdum við það hús lýkur. Jafnframt verður trésmíðaverkstæðið fært til og byggt við efstu skemmuna á Rangárvöllum vegna þeirra breytinga. Unnið er að því í samráði við Norðurorku að finna framtíðarlausn á mannvirkjamálum Umhverfismiðstöðvar.


Starfsemi skrifstofu er á fjórðu hæð í Ráðhúsinu en á sviðinu í heild starfa um 104 einstaklingar.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar er samningsbundið til að sinna sjúkraflutningum á Akureyri og nágrenni.

Mikil aukning hefur verið í sjúkraflugi undanfarin ár þá var met slegið í fjölda ferð á síðasta ári. Flutningar með sjúkraflugi á árið 2017 voru 876 og 2480 með sjúkrabílum.

Myndin sýnir fjölda sjúkraflutninga á tíu ára tímabili, en á þeim tíma hefur aukningin í sjúkraflugi verið tæplega 80% og rúm 50% í sjúkraflutningum á landi. Forgangsflutningum hefur fjölgað um annars vegar 71% með sjúkrabílum en 78% með sjúkraflugi. Mesta aukningin hefur samt verið í millistofnanaflutningum með sjúkraflugi, eða um 130%.



Í kjölfarið hefur verið mikið álag á sjúkraflutningamönnum og rætt um fjölgun í slökkviliði samhliða samningum við ríkið. Nær einn starfsmaður er alfarið bundinn sjúkrafluginu á hverri vakt.

Slökkvilið Akureyrar hefur tekið að sér að þjónusta Vaðlaheiðargöng vestan megin gangna. Unnið er að samningum við Vaðlaheiðargöng um fjármögnun á búnaði og þjónustu við göngin og gengur sú vinna vel. Unnið er að gerð brunavarnaráætlunar og stemmt er að því að klára hana fyrir mitt ár 2018.

Umhverfismál

Akureyrarbær stendur framalega í umhverfismálum þannig að tekið er eftir. Stefnan er að gera enn betur og taka forystu meðal íslenskra sveitarfélaga og setja okkur mælanleg markmið.

Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar er mikilvægt stjórnþæki í þeirri vinnu og huga þarf að framfylgd hennar og endurskoðun. Þróunin er mikil og því mikilvægt að endurskoða allar tímasetningar árlega og einnig að verðmeta þær aðgerðir sem listaðar eru upp í stefnunni. Leggja þarf áherslu á upplýsingagjöf til íbúa og virkja þá til þátttöku og athafna hvort heldur sem er með almennum fundum eða auðveldum og einföldum netaðgangi.

Eins er mikilvægt að í öllum verkferlum framkvæmda og reksturs eða viðhalds verði hugað að áhrifum á umhverfið.

Við höfum stigið mörg mikilvæg skref í átt að umhverfismálum og stefnum að því að gera enn betur.

Við endurnýjun ökutækja hjá Akureyrarbæ er stefnt að því að aðeins skuli keypt ökutæki sem gengið geta á hreinum innlendum orkugjöfum.

Stefnt er að því að allir strætisvagnar bæjarins skulu að hluta eða öllu leyti ganga fyrir vistvænu eldsneyti árið 2020. Metanstrætisvagn hefur verið í leigu frá miðju ári 2017 og reynslan hefur verið góð af vagninum. Ákvörðun hefur nú verið tekin um að festa kaup á honum og tveimur nýjum metanvögnum árið 2018 og 2019.

Til að efla almenningssamgöngur og auka þjónustu við bæjarbúa eru strætisvagnar á Akureyri gjaldfrjálsir. Á haustdögum var nýtt leiðakerfi innleitt en unnin var mikil og góð vinna með

bæjarbúum og reynt að koma til móts við þarfir sem flestra. Frekari lagfæringar voru gerðar á tímatöflu nú 1. febrúar sl.

Til að hækka enn frekar hlutfall bifreiða sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum hefur Akbær skilgreint svokölluð græn bílastæði í bænum. Stæði þessi eru hugsuð fyrir bíla sem uppfylla kröfur um vistvæna orkugjafa og eru auðkenndir sem slíkir. Grænu stæðin eru við Glerártorg, Ráðhúsið, Skipagötu, við Bautann og Menningarhúsið Hof.

Óhætt er að segja að sú stefna sem við settum okkur að sveitafélagið væri í forystu á landsvísi í sorp og úrgangsmálum miði vel áfram. Eitt af markmiðum Umhverfis- og samgöngustefnunnar er að auka vitund íbúa um verðmæti hluta og þau verðmæti sem geta leynst í úrgangi. Þau markmið sem og aukning í flokkun næst með stöðugri fræðslu til íbúa um mikilvægi flokkunar sem og mikilvægi betri nýtingar.

Nýr svifryksmælir var keyptur árið 2017 með Umhverfisstofnun. Mælirinn var fluttur í Strandgötu í upphaf árs 2018 en upplýsingar um svifryk í andrúmslofti eru aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins.

Farið var í hreinsunaráttak í Hrísey þar sem tekið var til í eyjunni, óæskilegum plöntum svo sem skógarkerfli og lúpínu haldið niðri eins og kostur var. Skógarkerfill hefur verið sérstaklega erfiður viðureignar í Hrísey og því nauðsynlegt að verkefninu sé haldið áfram til að forðast frekari útbreiðslu á þessum vágast.

Í eyjunum, Grímsey og Hrísey, er unnið að því að setja upp flokkunarstöðvar og afgirt gámasvæði. Í Grímsey var gengið frá listaverkinu Hring og kúlu eftir Kristinn Hrafnsson sem er nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn og staðsett er norður á eyjunni. Einnig var sett upp annað listaverk rétt hjá Fiske minnisvarðanum sem kallað er Súlan.

Framkvæmdir í umhverfismálum hafa verið gríðarlega miklar á undanförunum árum og ber þar helst að nefna



mikla uppbyggingu og viðhald í Kjarnaskógi þar sem



gerðir hafa verið tveir strandblakvellir, salernishús, grillhús, bifreiðastæði og fjölbreytt leiktæki hafa verið sett upp á svæðinu fyrir alla aldurshópa. Þá hafa verið gerðir stígar ásamt viðhaldi á núverandi stígakerfi. Á þessu ári verður settur upp nýr frísbívöllur í tengslum við núverandi völl á Hömrum og verður hann þá orðin 18 körfur. Einnig stendur til að setja upp tilraunareit með hinum ýmsu klónum trjá- og runnaplantna í samstarfi við LBHÍ, skógræktarfélag Eyfirðinga og Sólskóga. Á tjaldsvæðinu var gerð bílabraut í stað þeirrar sem var á sundlaugarsvæðinu. Hjólabraut hefur verið lögð frá Hlíðarfjalli og suður í Kjarnaskóg og er hún mjög vinsæl.

Útplöntun í græna trefilinn norðan Glerár hefur verið stöðug og er nú nauðsynlegt að skipuleggja svæðið betur með tilliti til framtíðar útivistarsvæðis.

Endurgerð allra leiksvæða bæjarins hefur staðið yfir undanfarin ár og er þeim nánast lokið. Opnu leiksvæðin eru 38 talsins, þau eru langflest með vottuðum leiktækjum og undirlag en mikið fjármagn hefur verið lagt í þau undanfarin ár.

Hverfisnefndirnar og hverfisráðin hafa fengið fjármagn til hinna ýmsu framkvæmda og hefur í flestum tilfellum gengið vel að nýta það fjármagn. Helstu verkefni eru byggingar grillhúsa, framkvæmdir við útikennslustofu, kaup og uppsetning leiktækja, húsamerkingar, kaup á bekkjum og borðum, útplantanir, lýsing leiksvæða og fl.

Síðustu ár hefur verið unnið að mörgum verkefnum í Lystigarðinum, má þar nefna að gosbrunnur og Bogatjörn voru múruð og máluð, Steintjörninn var þrífur og grjóti tekið. Nýjar ruslatunnur voru settar í garðinn og við suðurhlíð garðsins var hjólaskýli set upp. Bekkir í garðinum voru málaðir og endurgerðir.

Rekstur Kjarnaskógar, Naustaborga og Eyrarlandsháls er í höndum skógræktarfélags Eyfirðinga. Miklar framkvæmdir hafa verið í skóginum og hafa starfsmenn félagsins unnið við þær ásamt verktökum og starfsmönnum Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær hefur tekið þátt í Evrópsku samgönguvíkinni undanfarin fimm ár.

Samgönguvikan er átaksverkefni sem á að stuðla að bættum samgöngum í borgum og

bæjum í Evrópu. Markmið vikunnar er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til þess að nota almenningssamgöngur, hjóla og ganga.

Eitt af stóru umhverfisvænu verkefnum Ak.þéjar er Molta sem stofnuð var árið 2007. Molta tekur við lífrænum úrgangi og framleiðir jarðvegsbætir með miklum umhverfisávinningi. Í dag fæst moltan endurgjaldslaust og hvet ég því íbúa til að nýta sér það tækifæri.

Vistorka tók til starfa árið 2015 og er eitt af þeim verkefnum sem við erum virkilega stolt af. Markmið Vistorku er að halda utan um öll þau umhverfisvænu verkefni sem eru í gangi, m.a. stuðla að framleiðslu umhverfisvæns eldsneytis með sjálfbærri nýtingu hráefnis sem fellur til á svæðinu. Auk þess kannar félagið mögulega nýtingu á þeim hliðarafurðum sem framleiðslunni tengjast og með hvaða hætti nýting og samspil þeirra getur stutt við markmiðið.

Í desember, árið 2015, skrifaði bæjarstjóri undir yfirlýsingu sem ber heitið Compact of Mayors. Um er að ræða sameiginlega yfirlýsingu borgarstjóra um heim allan um vilja sinn til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu viðkomandi borga í loftslagsmálum og setja markmið um enn betri frammistöðu.

Í síðustu viku var Festa með kynningu á starfsemi sinni fyrir bæjarfulltrúa. Taka þarf ákvörðun um framhaldið og hvor kosturinn verður valinn.

Þjónustustigi í snjómokstri á göngustígum i kringum skóla hefur verið aukið sem hefur vakið mikla ánægðu auk þess sem nú er aðgengilegt á vef bæjarins kort sem sýnir forgangsöröðun í snjómokstri.

Á seinasta ári voru gerðar skoðanakannanir um ýmsa þjónustu sviðsins, eins og leiðakerfi SVA, sorphreinsun, snjómokstur og hálkuvarnir, hreinsun gatna og svífryksmengun. Samandregið má segja að íbúar séu sáttir við þá þjónustu sem bærinn býður upp á.

Nýframkvæmdir

Framkvæmdakostnaður á árinu 2018 samkvæmt framkvæmdaryfirliti Akureyrarbæjar er áætlaður kr. 2,2 milljarður. Þar af eru áætlaðar um kr. 1.200 milljónir í framkvæmdir við fasteignir og kaup á búnaði, um kr. 120 milljónir til tækjakaupa og 900 milljónir í framkvæmdir við götur, stíga og bílastæði. Fer ég hér yfir helstu framkvæmdir í götum, stígum, umferðarmálum, umhverfismálum og fasteignum.

Eignasjóður gatna


Listinn vegna fyrirhugaðara framkvæmda í eignasjóði gatna á árinu 2018 er langur en má þar m.a. nefna:

- Austurveg í Hrísey, endurgera þarf veginn ásamt því að leggja bundið slitlag á hann og nokkrar aðrar götur í Hrísey.
- Lækjargata, undirbúningur og hönnun er áætluð á árinu. Um er að ræða 400 m langa gamla malargötu sem þarf að byggja upp og malbika, einnig þarf að leggja stíg á opnu svæði meðfram götunni.
- Kaldbaksgata, endurnýjun götu að hluta ásamt malbikun.
- Þingvallastræti / Miðhúsabraut hringtorg, farið verður í undirbúning og hönnun á árinu.

Drottningarbrautarstígur (Fjörustígur)

Leikhúsbrú

Ákveðið var á vordögum 2017 að fara í smíði Leikhúsbrúar sem er brú á



Drottningarbrautarstíg austan við Leikhúsið. Nýja brúin mun setja svip sinn á Akureyri enda um stóra og áberandi framkvæmd að ræða.

Verkefnið á sér nokkuð langan aðdraganda eða til ársins 2013.


Hugmyndin er að skapa hlýlegt umhverfi fyrir íbúa og gesti til að staldra við og njóta nálægðar við Pollinn. Staðsetningin er með þeim hætti að hún skapar áhrifaríkt samspil með listaverkinu Siglingu auk þess sem Samkomuhúsið er í bakgrunni. Brúin verður um 86 metra löng og jafnbreið og stígurinn sitt hvoru megin við. Hún verður yfirbyggð á 15 metra kafla þar sem hægt verður að fara út á svalir að austan og vestan til að njóta útsýnisins án þess að trufla hjólandi eða gangandi umferð. Allt efni í brúna er valið með það í huga að mannvirkid geti staðið traust og lengi við ströndina. Þá verður brúin upplýst á svipaðan hátt og fjörustígurinn. Nafnið á brúna var valið til heiðurs leiklistinni á Akureyri og heitir brúin Leikhúsbrúin.

Drottningarbrautarstígur til suðurs

Vinna við stíginn sem liggur frá „Hjartarplani“ við flugvöllinn og að sveitarfélagmörkum með tengingu upp í Kjarnaskóg hófst árið 2017 sem fólst í undirbyggingu stígsins. Vinna við malbikun og fínfrágang ásamt uppsetningu á gangbrautarþverun yfir Eyjafjarðarbraut verður unnin árið 2018. Eyjafjarðarsveit vinnur einnig við stíg sem nær frá sveitarfélagmörkum og inn á Hrafnagil og stefna þeir á fínfrágang og malbikun árið 2018. Verður þá til um 12 km löng samfelld malbikuð stígaleið frá miðbæ Akureyrar og inn á Hrafnagil.

Miðbær

Hönnun á „nýju“ Ráðhústorgi var sett af stað sumarið 2017 og verður haldið áfram með hönnun upp úr þeim hugmyndum árið 2018. Unnið var við breytingar á göngugötunni sumar/haust 2017 þar sem lýsing var endurnýjuð og komið fyrir nýjum áningastöðum með gróðri,



hlöðnum veggjum ásamt nýjum rusladöllum og bekkjum. Markmiðið með endurbótunum er að skapa hlýlegra yfirbragð í miðbænum og samræma útlit á þeim götugögnum sem þar er komið fyrir. Hönnun var unnin með t.t. óska íbúa um grænni miðbæ og eins í samráði við miðbæjarsamtökin. Sett var upp umferðarstýring „pollar“ í suðurenda göngugötunnar sem auðveldar alla stýringu þegar sumarlokanir byrja samkvæmt þeim verklagsreglum sem hafa verið við líði síðustu tvö sumur.

Umferðaröryggismál

Umferðaröryggisáttak með Vegagerðinni

Vegagerðin og Akureyrarbær hafa unnið að umferðaröryggismálum á þjóðveginum síðastliðin tvö ár og sú vinna mun halda áfram árið 2018. Ýmsar úrbætur við nokkur gatnamót hafa verið boðin út og vinna við endurbætur hafa verið boðnar út og hefjast framkvæmdir um leið og veður leyfir. Sem dæmi verða sett upp umferðarljós við „Sjallagatnamótin“ á mótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu, gönguleiðir lagfærðar, vasar og hljóðhnappar á öðrum umferðarljósum verða bætt og breytt auk fleiri aðgerða.

Síðuskóli

Unnið er að því að bæta umferðaröryggi í bænum og er einn liður í því verki að fara yfir leiðir barna að og frá skólum. Framkvæmdir til að bæta umferðaröryggi við Síðuskóla eru í vinnslu. Um er að ræða fjölgun gangstétta, fjölgun gangbrauta, lýsingu og hraðahindranir á svæðinu ásamt því að breyta innkeyrslunni inn á lóð skólans. Grenndarvöllur fyrir sorp var færður og staðsettur við búðina á horni Borgarbrautar og Hlíðarbrautar. Þessum framkvæmdum lýkur nú í sumar.

Eignasjóður fasteigna

Fyrirhugaðar framkvæmdir í eignasjóði fasteigna á árinu 2018 eru margar og sumar hverjar ansi viðamiklar.

- Fræðsluvið hefur unnið þarfagreiningu fyrir breytingar og stækkun á Glerárskóla með það fyrir augum að byggja upp húsnaði sem rúmar skóla og leikskóla. Samhliða þeirri vinnu verður innra skipulag skólans og íþróttamannvirkja skoðað og lausnir fundar til að tengja nýbyggingu með góðum hætti við eldri byggingar. Hefja á undirbúning vegna framkvæmda við breytingar á húsnaðinu og viðbyggingu þar sem koma á fyrir m.a. 6 deilda leikskólabyggingar. Á Glerárskóla reit er gert ráð fyrir heildrænni þjónustu leik- og grunnskóla sem starfa í nánú samstarfi og samnýta húsakost þar sem við á s.s. stjórnunarálmu, skólamötuneyti, kaffistofu starfsmanna, íþróttaaðstöðu, sundlaug og hátíðarsal sem þjónustar einnig íbúa. Á árinu 2018 mun verða unnið frekar að


þarfagreiningu, hönnun og undirbúningi framkvæmda. Einnig verður farið í endurbætur á Íþróttahúsi Glerárskóla þar sem endurnýjun verður á gólfi og hljóðmál bætt.

- Hlíðarskóla er mikilvægur þáttur í þjónustu við grunnskólabörn á Akureyri. Mikil þörf er fyrir þá sértæku þjónustu sem þar er veitt. Því er mikilvægt að bregðast við og gera endurbætur á því húsnæði sem er til staðar svo hægt sé að nýta það til fulls.
- Haustið 2017 var hafin vinna við lóð sunnan við Naustaskóla/Naustatjörn. Við Naustatjörn á að fjölga bifreiðastæðum. Þessum framkvæmdum á að ljúka í ár. Við framkvæmdir á lóð er hugað að því að lóðin sé gerð með þeim hætti að hún nýtist vel til leiks og samveru. Tæki og búnaður er valin af kostgæfni þar sem hugað er um notkunarmöguleika og góða endingu. Hellulögn verður samliggjandi frá innigarði og meðfram allri suðurhlíðinni sem tengist í hellulagt samkomutorg, undir leiktækjum verður sett gervigras og gúmmíhellur, gras og hellur þjóna fallvörn. Einnig á að móta land í hóla og hæðir sem nýtast til leikja og hægt sé að renna sér þegar það er snjór. Hugsað er um aðgengi fyrir alla í hönnunni. Verklök eru fyrirhuguð sumar 2018
- Gervigrasvellir við skóla, hefja endurnýja gervigrasi og innfyllingarefni. Verkefnið skiptist milli ára 2018-2020 og er unnið samhliða viðhaldsáætlun vallanna.
- Samgöngumiðstöð þarfagreining, staðarval og hönnun.
- Smálbúðir, lóðarval, undirbúningur og framkvæmdir við tvö hús. Skipulagsdeild vinnur að því að finna staðsetningu með búsetudeild.
- Bygging sex íbúða fyrir fatlaða við Klettaborg er í hönnun og er litið til Borgargils í þeirri vinnu. Áætlað er að bjóða verkið út á haustdögum 2018.

Tvö stærstu verkefnin í eignasjóði fasteigna eru án efa framkvæmdir við sundlaug Akureyrar og Listasafnið.

Listasafn

Á árinu 2011 kom fram hugmynd um að tengja saman Listasafn og Ketilhús. Markmiðið er að gera sýnilegt að um eina stofnun sé að ræða og eins er talið að með því móti sé hægt að hagræða í rekstri safnsins. Lengi hefur staðið til að taka efri hæðir hússins undir starfsemi Listasafnsins, enda býður 4. hæð hússins upp á mikla möguleika fyrir safnið, þar



sem rýmin sem þar er að finna, eiga sér varla hliðstæðu hér á landi og myndi stækkunin því setja Listasafn Akureyrar í einstaka stöðu meðal safna á Íslandi. Komin var tími á endurbætur á húsnæðinu þar sem það uppfyllti ekki kröfur um m.a. eldvarnir og aðgengi fatlaðara. Eins var kominn tími á allar lagnir í húsnæðinu svo sem upphitun og loftræstingu. Með framkvæmdinni fáum við salernisaðstöðu sem vantað hefur vantað um dágóðan tíma í bæinn og er kærkomin viðbót við þá aðstöðu sem fyrir er í Hofi. Búið er að auglýsa eftir áhugasömum



aðilum til að koma að rekstri kaffihúss í Listasafninu og er greinilegt að margir hafa áhuga á verkefninu. Yfir 25 aðilar hafa sótt sér upplýsingar og verður gaman að sjá hver hlýtur verkefnið.

Sundlaug Akureyrar

Framkvæmdir við sundlaugina hófust í október 2016. Um er að ræða framkvæmdir við þrjár rennibrautir, stigahús, stækkun á lendingarlaug, fjölnotaklefa, kaldan pott, tæknirými auk ýmissa viðhaldaverkefna sem kominn var tími á. Pottasvæði í sundlauginni er fullnýtt eins og það er í dag og eins nýtist legupottur í núverandi mynd ekki nema hluta úr ári, vegna vandamála í kælingu var tekin ákvörðun um að byggja sambyggðan nuddpott og leiklaug samhliða framkvæmdum við rennibrautir. Vinna við potta og fosslaug er enn í vinnslu en

vonast er til að veðrið verði okkur hliðstætt og við náum að ljúka framkvæmdum sem allra fyrst. Með þessari framkvæmd hefur aðsókn í sundlaug stóraukist og tekjur samhliða því.

Sundlaug Akureyrar, sundlaugargarður og girðing

Samþykkt var að jarðvegsskipta utan framkvæmdasvæðisins við sundlaug Akureyrar til að skapa aðstöðu fyrir verktaka en einnig möguleika á að koma upp leikjasvæði fyrir börn og sólbaðssvæði. Unnið er að hönnun svæðisins og framkvæmdir við stoðvegg á lóðarmörkum er í gangi. Áætlað er að framkvæmdum ljúki á svæðinu í júní 2018.

Nökkvi þjónustuhús

Uppbyggingarsamningur var gerður á milli Akureyrarbæjar og Nökkva árið 2014 til ársins 2018. Samningurinn tók til uppbyggingar á bátaskýli og framkvæmda á félagssvæði Nökkva við Drottningarbraut á Akureyri. Fyrirhugaða



er að skipta framkvæmd upp í tvo áfanga bátaskýli og þjónustuhús.

Vegna staðsetningar þurfti að setja farg á landfyllinguna sem áætlað er að byggja bátaskýlið á. Áætlað var að fargið yrði á landfyllingunni í sex mánuði eða þar til að sig stoppar. Sigið hefur verið meira og tekið lengri tíma en áætlað var og því hefur framkvæmdum seinkað. Sökum þessa eru hönnuðir með í skoðun að grunda húsið á súlum. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist við bátaskýli á haustdögum 2018 og klárast á árinu 2019.

Litið yfir farinn veg

Eins og þið heyrið eru verkefnin framundan ærin en einnig er gott á þessum tímapunkti að líta yfir farinn veg. Á undanförunum fjórum árum hefur meirihlutinn staðið fyrir mörgum stórum og mikilvægum verkefnum fyrir bæjarfélagið okkar og eru sum þeirra enn í gangi. Má þar helst nefna: Bogann en skipt var um gervigras í húsinu, framkvæmdir við 6 íbúða þjónustukjarna í Borgargili var lokið, byggingu við íþróttahús og kennaraálmu Naustaskóla, skipt var um plötu í Skautahöllinni, framkvæmdum við sundlaug, uppsetningu nýrra rennibrauta, lendingarlaugar, heitra og kaldra potta sem og frágangi á sundlaugar garði lýkur í vor, farið var í endurgerð á Þórunnarstræti 99 sem í dag hýsir skammtí mavistun fyrir

fatlaða og dagvistun, í kjallara húsin er síðan félagsaðstaða fyrir skátana og svo var m.a. reist þjónustuhús á tjaldsvæðinu á Hömrum. Á kjörtímabilinu hefur leiguíbúðum verið fjölgað um 19, auk þess sem þjónustuhúsnæði fyrir fatlaða í Skógarlundi var keypt á árinu 2017.

Drottningarbrautarstígur er áberandi verkefni sem vel hefur tekist til með. Unnið hefur verið við frágang, hafin er bygging brúar og lenging stígsins eins og áður hefur komið fram. Frágenginn stígur mun ná frá Torfunefsbyggju inn í Kjarnaskóg og að Eyjarfjarðarsveit í sumar.


Sett upp hringtort á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðsíðu til að bæta umferðarflæði við gatnamótin. Á tímabilinu var unnið við gerð fjölmargra stíga og mætti þar helst nefna, áður nefndan Drottningarbrautarstíg, Rangárvallarstíg, útivistarstíga í gegnum golfvöllinn, reiðleið í gegnum Naustaborgir og áfram má telja.

Breyting var gerð á götunni við Jaðarstún og endurgerð á beygju við Golfvöllinn sökum mikils landsigs.

Unnið hefur verið að gatnalýsingu í bænum. Á tímabilinu hófst LED væðing götuljósá samkvæmt ljósvistarskipulagi Akureyrarbæjar. Unnið hefur verið að ýmsum úrbótum vegna umferðaröryggismála á þjóðvegnum í samstarfi við Vegagerðina til að bæta öryggi gangandi og gera gatnamót öruggari sem og bæta fæði þeirra.

Árið 2015 hófust framkvæmdir við undirbyggingu gatna, bílastæða og gangstétta við Austurbrú. Frágangur svæðisins hefst í sumar samhliða frágangi á húsbyggingum sem þar rísa. Hofsbót/Torfunef. Árið 2016 var farið í framkvæmdir við tvær landfyllingar ásamt brimvarnargörðum við Átak og við Torfunefsbyggju til að útbúa lóðir fyrir hafnsækna starfsemi.

Framkvæmdir við gatna- og stígagerð við íbúahverfið sem gengur undir nafninu Hagar hófust árið 2015 og mun þeim framkvæmdum ljúka árið 2019. Á tímabilinu hefur verið unnið að malbikun gatna, gangstétta og stíga ásamt frágangi á grænum svæðum í hverfinu. Þetta verkefni er stærsta verkið í gatnaframkvæmdum



næstu árin en heildarverkefnið mun kosta um 1.000 milljónir með hluta veitufyrirtækja og með lokafrágangi. Lokafrágangur getur þó tekið 5-10 ár sem mun ráðast af byggingarhraða verktaka.

Framkvæmdir hófust nú í janúar og hluti lóða verða byggingarhæfar um miðjan ágúst 2018. Verklok eru eins og áður sagði áætluð í árslok 2019.

Við framkvæmdir sem þessar er í mörg horn að líta og ég vil nýta tækifærið og þakka öllu starfsfólkinu er að þeim hafa komið. Þó sérstaklega vil ég þakka Guðríði sviðsstjóra umhverfis og mannvirkjasviðs fyrir ánægjulega og góða samvinnu.

Ég vil einnig þakka samstarfsmönnum mínum í ráðinu þeim Sæbjörgu Sylvíu Kristinsdóttir, Eiríki Jónssyni, Þorsteini Hlyn, Gunnari Gíslasyni og Hermanní Arasyni en við höfum átt mjög gott samstarf.

Hlakka til umræðnanna